

Vegna: Máls nr. 0257/2026, Botnsvirkjun í Dýrafirði (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Það er glæsilegt að það sé verið að bæta raforkuöryggi okkar vestfirðinga, flott framtak það er okkur lífsnauðsyn að hafa tryggt raforkukerfi eina sem ég get sett út á er að þessi tími sem tekur að kynna svona og koma þessu á stað er allt of lagur og flókin, það þarf að gera fyrirtækjum kleyft að byggja upp raforku á mun styttri tíma, og ætti að vera nóg að sveitarfélagið samþykki þetta, ekki að vera flækja málin, fyrir utan það þá væri annars væri glæsilegt að fá slóða þarna upp sem almenningur getur farið upp og fengið að njóta hálendisins. Það myndi líka með aukinni raforku auka lífsgæðin. að gera fólki kleyft að fá að njóta hálendis vestfjarða

Höfundur: Valur Richter

Sent inn þann: 14.03.2026



Skipulagsstofnun

Þórdís Stella Erlingsdóttir

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 31. mars 2026

Málsnúmer: 202603-0014

IAS

Efni: Botnvirkjun í Dýrafirði. Kynning matsáætlunar.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar frá 5. mars 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun Botnsvirkjunar í Dýrafirði.

Botnsorka ehf., félag í eigu landeiganda jarðanna Botns og Dranga í Dýrafirði, áformar að reisa Botnsvirkjun í Dýrafjarðarbotni. Áætlað er að uppsett afl Botnsvirkjunar verði allt að 3 MW. Virkjunin verður rennslisvirkjun án miðlunarlóna og nýtir hluta vatns Botnsár og Drangaár til raforkuframleiðslu. Inntaksmannvirki verður staðsett í Botnsá í um 370 m hæð y.s. Þaðan liggur niður grafin þrýstipípa að stöðvarhúsi sem staðsett verður í sunnanverðum Botnsdal við skógræktarreit sem er í dalbotninum. Framleidd orka verður flutt um jarðstreng að Dýrafjarðargöngum og tengist þar dreifikerfi raforku.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Náttúrufræðistofnun gaf umsögn um matsskyldufyrirspurn frá 19. desember 2023, sjá [hér](#) en umfang fyrirhugaðrar virkjunar hefur minnkað nokkuð frá fyrri áformum. Allar rannsóknir hafa þegar farið fram og eru frekari rannsóknir ekki fyrirhugaðar.

Á blaðsíðu 7 er vísað í friðlýsingu plantna frá 1978, Náttúrufræðistofnun bendir á friðlýsingarskjal plantna frá 2021, sjá [hér](#).

Fuglar voru taldir 14. júní 2021 og sást aðeins eitt straumandapar. Við straumandatalningar er æskilegt að telja tvisvar á ári, sjá [hér](#). Fyrst í lok maí eða byrjun júní þegar talið er að fuglar séu alkomnir á árnar til að meta varpstofn og aftur um eða fyrir miðjan ágúst þegar kollur fara að sjást með stálpaða unga.

Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson,
jarðfræðingur

Vegna: Máls nr. 0257/2026, Botnsvirkjun í Dýrafirði (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Umsögn Fiskistofu 16. júní 2026:

„Fiskistofa vísar til umsagnar Hafrannsóknastofnunar í málinu og bendir einnig á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006. Með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til Fiskistofu um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Leyfi Fiskistofu skal aflað áður en ráðist er í framkvæmd.“

Hera Katrín Aradóttir, sérfræðingur

Höfundur: Þórdís Stella Erlingsdóttir

Sent inn þann: 16.06.2026 , **Fyrir hönd:** Fiskistofa

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b
105 Reykjavík

Málsnr. 2026-03-0183
Hafnarfjörður 26.3.2026

Efni: Matsáætlun – Botnsvirkjun í Dýrafirði – umsögn Hafrannsóknastofnunar.

Í tölvubréfi Skipulagsstofnunar 5. 3. 2026 er Hafrannsóknastofnun beðin um umsögn við eftirfarandi mál í Skipulagsgátt: Botnsvirkjun í Dýrafirði, nr. 0257/2026: Kynning matsáætlunar (Mat á umhverfisáhrifum).

Botnsorka ehf áformar að reisa Botnsvirkjun í Dýrafjarðarbotni. Áætlað er að uppsett afl Botnsvirkjunar verði allt að 3 MW. Virkjunin verður rennslisvirkjun án miðlunarlóna og nýtir hluta vatns Botnsár og Drangaár til raforkuframleiðslu.

Virkjunin mun nýta um $1\text{m}^3/\text{s}$ af vatni en hvergi kemur fram hversu stór hluti vatnsfallana það er, þó er áætlað að ávallt verði vatn á farvegum.

Að mati Hafrannsóknastofnunar er mikilvægt að mat á umhverfisáhrifum fjalli m.a. um breytingar á rennsli í farvegum, stýringar á rennsli og áhrif rennslisbreytinga á lífríki ána. Þá er einnig mikilvægt að fjalla um vatnsformfræðilegar breytingar sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, en markmið þeirra er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Við allar framkvæmdir í ám og vötnum skal því leita allra leiða til þess að komast hjá því að vatnsgæði spillist og að afkoma lífríkis í vatni versni við framkvæmdir. Gera þarf grein fyrir hverjar breytingar verða á vatnshlotum vegna framkvæmdanna. Í 18. gr laga þessara er fjallað um að leita þarf til Umhverfisstofnunar um heimild til breytinga á vatnshloti sem hefur í för með sér að ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum skv. 11. gr sömu laga og nánar er fjallað um í Vatnatilskipun Evrópusambandsins

Benda má á að þegar vinna hefst varðandi hugmyndir að virkjunum væri rökrétt að eitt af fyrstu skrefum væri að leita heimildar Umhverfis- og orkustofnunar fyrir breytingum á viðkomandi vatnshloti áður en lengra er haldið í undirbúningi.

Hafrannsóknastofnun bendir á að í 62 gr. laga um náttúruvernd 2013/60 segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

F. h. Hafrannsóknastofnunar



Sveinn Kári Valdimarsson



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

7. apríl 2026
202603-0024/A.B.

Efni: Umsögn - Matsáætlun- Botnsvirkjun í Dýrafirði - Skipulagsstofnun.

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar er barst 5. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um matsáætlun vegna fyrirhugaðrar Botnsvirkjunar í Dýrafirði. Framkvæmdin felur í sér allt að 3 MW rennslisvirkjun sem nýtir hluta rennslis Botnsár og Drangaár með inntaki, niðurgrafinni þrýstipípu og stöðvarhúsi í Botnsdal.

Framkvæmdarlýsing

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér byggingu allt að 3 MW rennslisvirkjunar í Dýrafjarðarbotni sem nýtir rennslis Botnsár og að hluta Drangaár. Áætluð orkuframleiðsla er um 16–18 GWh á ári og miðast við að virkjað rennslis verði allt að 1 m³/s. Inntaksmannvirki eru fyrirhuguð í Botnsá í um 370 m h.y.s., þar sem vatni verður veitt í inntakstjörn og þaðan í niðurgrafna þrýstipípu. Þrýstipípan verður um 3,2 km að lengd og allt að 110 cm í þvermál. Að auki er gert ráð fyrir að hluti rennslis Drangaár verði leiddur með aðrennslispípu, allt að 90 cm í þvermál, að inntakinu.

Stöðvarhús er fyrirhuguð í Botnsdal, í um 20 m h.y.s., neðan við skógræktarsvæði. Stærð þess er áætluð allt að 150 m² og verður þar ein vatnsvél með allt að 3 MW uppsett afl. Frá stöðvarhúsi verður vatni veitt aftur í farveg Botnsár. Tenging við raforkukerfi verður með jarðstreng, líklega 11 kV, sem lagður verður að Dýrafjarðargöngum, í um 2,5 km fjarlægð frá stöðvarhúsi. Framkvæmdasvæði er um 200 ha að stærð og nær hæst í um 390 m h.y.s. Ekki er gert ráð fyrir áfangaskiptingu framkvæmda. Efnispörf vegna framkvæmdarinnar er áætluð um 20.000 m³ og er stefnt að því að endurnýta efni sem fellur til við uppgröft að mestu leyti innan framkvæmdasvæðisins. Gert er ráð fyrir takmarkaðri vegagerð, þar sem aðeins þarf að leggja um 100 m nýjan slóða að stöðvarhúsi.

Valkostir og Núll kostur

Náttúruverndarstofnun bendir á að framsetning núllkosts er frekar takmörkuð þar sem hún tekur ekki til þeirra umhverfispátta sem matsáætlunin annars fjallar um.

Að mati stofnunarinnar er nauðsynlegt að núllkostur sé settur fram sem raunhæfur samanburðarkostur í umhverfismati, þar sem:

- núverandi ástand umhverfis er skilgreint og lagt til grundvallar samanburði, og
- metin eru bæði umhverfisleg og samfélagsleg áhrif þess að ráðast ekki í framkvæmd.

Jafnframt þarf að tengja núllkost við þá umhverfispætti sem til skoðunar eru í matsáætluninni, svo sem vatnafar, lífríki, landslag og óbyggð víðerni, þannig að hann nýtist sem skýr viðmið í mati á áhrifum framkvæmdarinnar.

Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að það sé umfjöllun um mismunandi útfærslur framkvæmdarinnar, svo sem legu mannvirkja, staðsetningu inntaks og stöðvarhúss og umfang virkjunar, sem og rökstuðning fyrir því hvers vegna aðrir kostir voru felldir út.

Náttúruminjaskrá

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdarsvæðið sé innan svæðis nr. 313 á náttúruminjaskrá Íslands sem aðrar náttúruminjar, sem er lýst sem stórbrotnu landslagi með jökulhviltum, árgljúfrum og fjölbreyttu gróðurfari.

Náttúruverndarstofnun bendir á að skráning svæðis á náttúruminjaskrá endurspeglar verndargildi þess á landsvísu og felur í sér að taka þarf sérstakt tillit til náttúru og landslags við skipulag og ákvarðanatöku.

Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að í umhverfismatsskýrslu verði lagt skýrt mat á áhrif framkvæmdarinnar á það verndargildi sem liggur að baki skráningu svæðisins á náttúruminjaskrá, þar sem sérstaklega er horft til heildarásýndar, landslagsgerða og náttúrufars. Jafnframt þarf að fjalla um hvort og hvernig framkvæmdin samrýmist þeim verndarsjónarmiðum sem skráningin byggir á.

Óbyggð víðerni

Náttúruverndarstofnun bendir á að eitt að markmiðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er að standa vörð um óbyggð víðerni. Náttúruverndarstofnun áréttar, í samræmi við skilgreiningar náttúruverndarlaga, að „óbyggt víðerni“ er svæði sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð og að jafnaði í 5 km fjarlægð frá mannvirkjum, svo þar megi njóta einveru og ósnortinnar náttúru. Slík svæði eru talin verðmæt vegna fágætis, vísindagildis og þess að þau veita fólki tækifæri til að upplifa kyrrð og náttúru án truflunar.

Náttúruverndarstofnun bendir á að óbyggð víðerni eru takmörkuð auðlind á lands- og alþjóðavísu.

Óbyggðum víðernum á Íslandi hefur fækkað á undanförunum áratugum vegna vegagerðar, virkjanaframkvæmda og annarrar uppbyggingar. Þau teljast því takmörkuð og verðmæt auðlind sem ber að fara varlega með. Rask á víðernum er að jafnaði varanlegt, þar sem uppbygging mannvirkja og breytingar á vatnafari rjúfa samfelldni svæða og breyta ásjáð þeirra til frambúðar.

Sérstök vernd

Náttúruverndarstofnun bendir á að fjallað er um vistkerfi og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Náttúruverndarstofnun bendir á að ekki eru allir fossar skráðir sem njóta sérstakrar verndar inn á kostasjá Náttúrufræðistofnunar. Rétt er að allir fossar á Íslandi njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúruvæðingabærin í matinu og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúruvæðingabærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Náttúruverndarstofnun áréttar að uppbygging mannvirkja réttlætir ekki sjálfkrafa röskun á náttúruvæðingabærunum sem njóta verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Þó að uppbygging iðnaðarsvæða fyrir orkuvinnslu geti vissulega þjónað brýnum almannahagsmunum, segir ákvæði 61. gr. að sýna fram á að engin raunhæf lausn (valkostir) sé fyrir hendi án röskunar á þeim.

Við skipulags- og leyfisveitingar ber því ávallt að gera ítarlega valkostagreiningu og rökstyðja sérstaklega hvers vegna ekki sé unnt að komast hjá röskun.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvæðingabæri sem verða fyrir röskun.

Gróður og vistgerðir

Í greinargerð kemur fram að vistgerðarkortlagning liggi fyrir og að hún verði nýtt sem grunnur við mat á áhrifum framkvæmdarinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir að meta áhrif á vistgerðir, þar á meðal vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi.

Náttúruverndarstofnun bendir á að við gerð umhverfismatsskýrslu sé mikilvægt að gera nánari grein fyrir verndargildi vistgerða innan áhrifasvæðisins, þar á meðal hvort um sé að ræða vistgerðir sem falla undir alþjóðlegar verndarskuldbindingar, svo sem Bernarsamninginn, og hvaða vægi þær hafa í mati á áhrifum.

Jafnframt telur stofnunin mikilvægt að fjalla nánar um tengsl vistgerða við aðra umhverfispætti, einkum vatnafar og bakkagróður, þar sem breytingar á rennsli geta haft áhrif á útbreiðslu og ástand vistgerða. Þá er jafnframt mikilvægt að rökstyðja með skýrum hætti hvort fyrirbyggjandi gögn séu fullnægjandi eða hvort þörf sé á frekari rannsóknum við mat á áhrifum framkvæmdarinnar.

Friðaðar plöntur

Náttúruverndarstofnun vill vekja athygli á auglýsingu nr. 1385/20211 um friðun æðplantna, mosa og fléttna. Í 57. gr. náttúruverndarlaga er fjallað um réttaráhrif friðunar. Þar kemur meðal annars fram að öllum er skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð er að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra. Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru. Mikilvægt er að kortleggja þessar plöntur og fjalla um áhrif framkvæmdarinnar á þær.

Bakkagróður

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Mikilvægt er að fjalla um áhrif framkvæmdanna á bakkagróður og einnig þarf í umhverfismatsskýrslu að gera grein fyrir vistfræðilegu hlutverki bakkagróðurs og hvernig fyrirhuguð rennslisbreyting getur haft áhrif á samspil lífríkis í og við árfarveginn.

Samfélagsleg áhrif

Náttúruverndarstofnun bendir á að umfjöllunin tekur ekki nægilegt tillit til þess að náttúra og landslag eru sjálf mikilvægir samfélagslegir þættir. Gæði náttúru, ásýnd lands og tilfinning fyrir ósnortinni náttúru hafa bein áhrif á upplifun, útivist og aðdráttarafl svæða fyrir íbúa og ferðamenn.

Að mati stofnunarinnar er því nauðsynlegt að í umhverfismatsskýrslu verði fjallað um samfélagsleg áhrif með heildstæðum hætti, þar sem breytingar á náttúru og landslagi eru metnar sem hluti af samfélagslegum áhrifum framkvæmdarinnar, en ekki eingöngu sem aðskildir umhverfispættir.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Skúli Þórðarson

verkefnastjóri



ÍSAFJARÐARBÆR

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Ísafjörður, 30. júní 2026
2026030267

Efni: Umsögn Ísafjarðarbæjar um matsáætlun Botnsvirkjunar í Dýrafirði

Vísað er til umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar vegna matsáætlunar Botnsorku ehf. fyrir Botnsvirkjun í Dýrafirði. Umsögn þessi er veitt með hliðsjón af hlutverki Ísafjarðarbæjar sem skipulags- og leyfisveitanda og laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Ísafjarðarbær gerir ekki athugasemd við að matsferli framkvæmdarinnar haldi áfram á grundvelli framlagðrar matsáætlunar. Sveitarfélagið leggur þó áherslu á að í umhverfismatsskýrslu verði gerð skýr grein fyrir þeim atriðum sem varða skipulag, leyfisveitingar og möguleg áhrif framkvæmdarinnar á umhverfi og samfélag. Umsögnin felur ekki í sér afstöðu til endanlegrar leyfisveitingar eða skipulagsákvæðana sveitarfélagsins.

Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir samræmi framkvæmdarinnar við gildandi aðalskipulag Ísafjarðarbæjar, þörf á breytingu á aðalskipulagi og hvort deiliskipulag þurfi að liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi eða önnur leyfi verða veitt. Þá þarf að setja fram heildstætt yfirlit yfir þau leyfi sem framkvæmdin kann að vera háð, þar á meðal framkvæmdaleyfi, byggingarleyfi eða byggingarheimild, leyfi vegna vatnsnýtingar, virkjunar, raforkutengingar, vegslóða, efnisnáms, vinnubúða og annarra framkvæmdaþátta.

Ísafjarðarbær telur mikilvægt að fjallað verði skýrt um raunhæfa valkosti, þar á meðal núllkost, val á staðsetningu inntaks, legu þrýstipípu, staðsetningu stöðvarhúss, legu jarðstrengs og aðkomuleiðir. Jafnframt þarf að rökstyðja hvers vegna valin útfærsla er talin heppilegust með tilliti til umhverfisáhrifa og hvers vegna eldri eða umfangsmeiri útfærslur voru lagðar til hliðar.

Vegna eðlis framkvæmdarinnar þarf sérstaklega að fjalla um áhrif á vatnafar, vatnshlot, árfarvegi, fossa og lífríki vatns. Þar komi fram virkjað rennsli, tryggt lágmarksrennsli, áhrif á árstíðasveiflur og þurrkatímabil, möguleg áhrif á vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlota, auk fyrirhugaðra mótvægisáðgerða og vöktunar.

Framkvæmdasvæðið hefur verulegt náttúru-, landslags- og útivistargildi. Í umhverfismatsskýrslu þarf því að fjalla um áhrif á verndargildi svæðisins, gróður, vistgerðir,



birkikjarr, votlendi, fuglalíf, jarðmyndanir, landslag, ásýnd og óbyggð víðerni. Sýna þarf umfang raskaðra svæða með skýrum kortum og gera grein fyrir frágangi, uppgæðslu og endurheimt að framkvæmdum loknum. Einnig verði lagðar fram ásýndarmyndir eða sýnileikagreiningar frá viðeigandi sjónarhornum.

Í skýrslunni þarf jafnframt að gera grein fyrir áhrifum framkvæmdatíma, þar á meðal vegslóðum, efnispörf, efnisnámi, efnislosun, vinnubúðum, geymslusvæðum, flutningsleiðum, umferð og aðgengi. Tryggja þarf að fjallað verði um menningarminjar og að fornleifaskráning liggi fyrir áður en ráðist er í jarðrask. Þá þarf að meta næmi framkvæmdarinnar fyrir náttúruvá, svo sem vatnavöxtum, flóðum, skriðuföllum, ofanflóðum, rofi, ísingu og áhrifum loftslagsbreytinga.

Ísafjarðarbær leggur áherslu á að mótvægisáðgerðir og vöktun verði settar fram með skýrum og framkvæmanlegum hætti. Þar komi fram ábyrgðaraðilar, tímasetningar, viðmið um árangur og hvernig brugðist verði við ef áhrif reynast meiri en gert var ráð fyrir. Jafnframt verði haft virkt samráð við sveitarfélagið, íbúa, landeigendur og aðra hagsmunaaðila á næstu stigum málsins.

Með vísan til framangreinds gerir Ísafjarðarbær ekki athugasemd við að matsferli Botnsvirkjunar haldi áfram, enda verði í áliti Skipulagsstofnunar gerð krafa um að umhverfismatsskýrslan fjalli nánar um framangreind atriði. Ísafjarðarbær áskilur sér rétt til að taka nánari afstöðu til framkvæmdarinnar við umfjöllun um skipulagsbreytingar, deiliskipulag, framkvæmdaleyfi, byggingarleyfi eða önnur leyfi sem falla undir valdsvið sveitarfélagsins.


Axel Rodríguez Överby
- sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs -

Bolungarvík 29.04 2026

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun
b.t. Þórdísar Stelli Erlingsdóttur
Borgartún 21
105 Reykjavík

Umsögn - matsáætlun Botnsvirkjun í Dýrafirði.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur kynnt sér efni matsáætlunar un mat á umhverfisáhrifum Botnsvirkjun í Dýrafirði sem unnin var af Rorum. Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér áform um allt að 3MW rennslisvirkjun.

Ekki eru gerðar athugasemdir að svo stöddu en bent er á að Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða veitir starfsleyfi samkvæmt 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Sú starfsemi sem heilbrigðiseftirlit veitir starfsleyfis fyrir sé meðal annars efnisnám og landmótun vegna frágangs efnistöku- og framkvæmdasvæða, steypustöð, verktakaaðstaða og starfsmannabúðir samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tekið er fram að ekki sé gert ráð fyrir gistiaðstöðu fyrir starfsmenn en ef mötuneyti og/eða vatnsveita verður sett upp í tengslum við framkvæmdina gilda ákvæði matvælalaga nr. 93/1995 og sú starfsemi er einnig háð starfsleyfi heilbrigðiseftirlits.

Virðingarfyllst



Hlynur Reynisson
Heilbrigðisfulltrúi

**Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun**

Borgartún 21
105 Reykjavík

Umsögn Vegagerðarinnar um matsáætlun Botnsvirkjunar í Dýrafirði

Mál nr. 257/2026

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar matsáætlun vegna fyrirhugaðrar virkjunar í Dýrafirði, dags. 09.02.2026. Umsögn þessi er unnin á grundvelli 20. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, með hliðsjón af hlutverki Vegagerðarinnar að stuðla að öruggum, sjálfbærum og greiðum samgöngum.

Samkvæmt matsáætlun er um að ræða allt að 3 MW rennslisvirkjun með áætlaða efnispörf um 20.000 m³ og framkvæmdatíma um 18 mánuði. Gert er ráð fyrir að aðkoma að framkvæmdasvæði verði að mestu um núverandi vegi og slóða.

Síða 1/2

Umsögn Vegagerðarinnar

Vegagerðin telur að umfjöllun matsáætlunar um umferð og áhrif á vegakerfi sé ábótavant og uppfylli ekki þær kröfur sem gera verður til matsáætlunar samkvæmt lögum nr. 111/2021.

Í matsáætlun er hvorki gerð grein fyrir umfangi þeirrar umferðar né áhrifum hennar á vegakerfið. Vegagerðin telur mikilvægt að umfjöllunin taki meðal annars til eftirfarandi þátta:

- Áætlaðan heildarfjölda ferða vegna efnisflutninga,
- Skilgreindar flutningsleiðir frá efnistöku- og aðfangasvæðum að framkvæmdasvæði og tengingu þeirra við þjóðvegakerfið.
- Mat á burðarþoli og ástandi þeirra vega og slóða sem nýttir verða, með tilliti til fyrirhugaðrar þungaumferðar.
- Mat á áhrifum á umferðaröryggi, þar á meðal vegna blandaðrar umferðar þungaflutninga og almennrar umferðar.
- Mat á samlegðaráhrifum ef aðrar framkvæmdir eða efnisflutningar eiga sér stað á sama svæði á sama tíma.
- Skýrar og tímasettar mótvægisáðgerðir sem draga úr neikvæðum áhrifum á vegakerfi og umferðaröryggi.

Vegagerðin bendir einnig á það að kostnaður sem verður vegna skemmda á vegum í tengslum við framkvæmdir fellur á framkvæmdaraðila.

Að lokum minnir Vegagerðin á að afla þarf leyfis stofnunarinnar fyrir öllum tengingum við þjóðvegi og fyrir framkvæmdum innan veghelgunarsvæðis. Jafnframt skal hafa samráð við Vegagerðina vegna flutninga sem kunna að falla undir reglur um þunga- eða sérflutninga.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Hólmfríður Bjarnadóttir

Undirskrift

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun
b.t. Þórdísar Stellu Erlingsdóttur
Borgartún 21, 105 Reykjavík

Reykjavík, 16. apríl 2026
UOS-5389/E.S.F.

Umsögn – Matsáætlun – Botnsvirkjun í Dýrafirði

Vísað er til erindis Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar þann 5. mars 2026 þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Umfjöllun Umhverfis- og orkustofnunar

Umhverfis- og orkustofnun veitir leyfi til að reisa og reka virkjun, samkvæmt 1. mgr. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að stofnuninni er heimilt að binda virkjunarleyfi, sem stofnunin gefur út, skilyrðum skv. 5. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Þar kemur m.a. fram að stofnunin getur sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Enn fremur má setja skilyrði er lúta að umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegri og fjárhagslegri getu virkjunarleyfishafa.

Fram kemur í matsáætluninni að við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfispætti er litið til viðmiða s.s. stefnumörkun stjórnvalda, lög og reglugerðir og alþjóðasamninga.

Umhverfis- og orkustofnun telur mikilvægt að fram komi í matsáætluninni að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og [Vatnaáætlun 2022-2027](#) verði höfð sem viðmið við gerð umhverfismatsins.

Einnig kemur fram í kafla 4.1.1 *Umhverfispættir* í matsáætluninni að: „*Þeir umhverfispættir sem framkvæmdaaðili hyggst fjalla sérstaklega um í umhverfismatsskýrslu eru: gróður, fuglalíf, landslag og ásynð, útivist og ferðamennska*“. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að mikilvægt er að þar komi fram að áhrif á vatn, vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar, verði metin.

Í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana kemur fram að umhverfismatsskýrsla eigi að innihalda upplýsingar um áhrif framkvæmdar á vatnshlot samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Umhverfis- og orkustofnun hefur gefið út eftirfarandi leiðbeiningar varðandi hvernig eigi að framkvæma slíkt mat, [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#).

Öll vatnshlot hafa umhverfismarkmið og eru þau lagalega bindandi og má ástand vatnshlota aldrei hnigna miðað við þau umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotið, hvorki varanlega né tímabundið, nema undanþága hafi verið veitt.

Í kafla 5.5 *Vatnshlot* í matsáætluninni kemur fram að áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlotið Botnsá nr. 101-490-R verði metin. Stofnunin bendir á að mikilvægt er að áhrifamat vegna mögulegra áhrifa á vatn sé gert eins snemma í undirbúningsferli framkvæmda og hægt er og að það nái til allra vatnshlota sem fyrirhuguð framkvæmd hefur áhrif á, beint eða óbeint. Ef áhrifamat leiðir í ljós að framkvæmd hefur áhrif á vatn þarf að gera grein fyrir þeim áhrifum og setja fram áætlanir um mótvægisáðgerðir.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í umhverfismatinu þarf að meta vistfræðilegt ástand vatns sem verður fyrir áhrifum af fyrirhugaðri framkvæmd. Vistfræðilegt ástand byggir á líffræðilegum, efna- og eðlisefnafræðilegum og vatnsformfræðilegum gæðapáttum. Það að setja upp vatnsaflsvirkjun breytir vatnsformfræðilegum eiginleikum vatnshlots sem í flestum tilfellum hefur áhrif á líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti vatnshlotsins.

Stofnunin bendir á að mjög mikilvægt er að vita snemma í ferlinu hvort fyrirhuguð framkvæmd muni leiða til þess að umhverfismarkmið vatnshlots náist ekki þar sem slíkt kallar á sérstaka málsmeðferð með ósk um heimild Umhverfis- og orkustofnunar til breytingar á vatnshloti skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála.

Umhverfis- og orkustofnun bendir einnig á að í 5. gr. laga nr. 42/2025 um breytingu á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála (flýtimeðferð og breyting á vatnshloti) kemur eftirfarandi fram: „*Sé framkvæmd háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunar skal framkvæmdaraðili í umsókn um slíkt leyfi óska jafnframt eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti. Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar vegna beiðni um breytingu á vatnshloti skal þá vera hluti af ákvörðun stofnunarinnar um veitingu leyfisins. Um kæruheimildir vegna ákvörðunar um útgáfu leyfisins gilda ákvæði þeirra laga sem taka til viðkomandi leyfisákvæðana.*”

Virðingarfyllst,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

Vigdís Louise Jónsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

Vegna: Máls nr. 0257/2026, Botnsvirkjun í Dýrafirði (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Góðann dag.

Framlögð matsáætlun til mats á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar virkjunar Botnsár og Drangaár í Dýrafjarðarbotni er ágæt lesning og fróðleg.

Fram kemur í skjalinu að frá því að frumdrög voru lögð fram, hefur verið gripið til allnokkra aðgerða til að minka umhverfisáhrif af framkvæmdinni, sem hlýtur að teljast jákvætt, amk út frá umhverfissjónarmiði. Það þýðir auðvitað líka að uppsett afl virkjunarinnar minnkar.

Áætlað er að uppsett afl Botnsvirkjunar verið allt að 3MW sem miðast við að virkjað rennsli verði allt að 1m³/s. Orkuframleiðsla er áætluð 16-18 GWh á ári. Ef útreikningar mínir eru ekki að svíkja mig þá er áætluð orkuframleiðsla því miðuð við meðalrennsli upp á 0,6 – 0,7 m³/s. Sem gefur meðal framleiðslu upp á 1,8 MW.

Fyrir svæði sem hefur jafn viðkvæmt raforkukerfi og hér um ræðir, munar um slíka aukningu á framleiðslu innan svæðisins.

Landsvæðið sem um ræðir er að hluta til raskað og því er skerðing á ósnortnu víðerni óverulegt í þessu tilfelli. Vissulega er framkvæmdarsvæðið inni á svæði sem nýtur í dag hverfisverndar, en telja má í ljósi aðstæðna að framkvæmdin sé réttlætanleg. Áhrif framkvæmdarinnar á fiskistofna er algerlega hverfandi og nýting á beitarnandi ætti ekki að bera skaða af.

Umsögn mín er því jákvæð og vill ég óska Botnsorku góðs gengis við framkvæmdina.

Höfundur: Sigurður Jón Hreinsson

Sent inn þann: 01.04.2026



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Vestfjarða www.minjastofnun.is Kennitala: 440113-0280

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 10
400 Ísafjörður

23. mars 2026
MÍ202603-0083/ 6.07 / L.G.

Efni: Umsögn um matsáætlun vegna Botnsvirkjunar í Dýrafirði

Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindi Ísafjarðarbæjar þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun vegna Botnsvirkjunar í Dýrafjarðarbotni. Botnsorka ehf stefnir á að reisa Botnsvirkjun og er áætlað að afl virkjunarinnar verði allt að 3 MW.

Menningarminjar

Kafli 5.14 fjallar um menningarminjar og þar kemur fram að fornleifaskráning hafi verið fram og engar minjar hafi fundist innan framkvæmdasvæðisins. Minjastofnun Íslands hefur móttengið skráningu og samþykkt. Samkvæmt skráningu eru skráðar minjar á bæjarstæðinu Botni en þær eru ekki innan framkvæmdasvæðisins.

Tengin við flutningskerfi

Samkvæmt matsáætlun á að tengja virkjunina með jarðstreng inn á dreifikerfi raforku á Vestfjörðum. Á bls. 12 er kort sem sýnir áætlaða legu strengsins. Lagnaleiðin hefur ekki verið skráð með tilliti til fornleifa og það þarf að ljúka þeirri rannsókn.

Niðurstaða

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar. Fornleifaskráning hefur farið fram og framkvæmdin hefur ekki mikil áhrif á þær fornleifar sem voru skráðar eins og staðan er í dag en það þarf að hafa í huga að allar lagnaleiðir en þær hafa ekki verið skráðar.

Ef framkvæmdin hefur áhrif á menningarminjar þá þarf framkvæmdaraðila að leita til stofnunarinnar og óska eftir umsögn.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Lísabet

Guðmundsdóttir

Minjavörður Vestfjarða

lisabet@minjastofnun.is

Ef fyrirhugað er jarðrask gæti stofnun farið fram á frekari rannsóknir og þarf rannsóknaraðili leyfi frá stofnuninni til þess.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in grey ink, reading "Lísabet Guðmundsdóttir". The script is cursive and elegant, with the first name "Lísabet" written in a larger, more prominent hand than the last name "Guðmundsdóttir".

Lísabet Guðmundsdóttir
Minjavörður Vestfjarða